

# Guttavísur

Stefán Jónsson

Bellman

F C7 F C7 F C7

Sögu vilég setja stutta sem að ég hef nýskeð frétt. Reyndar þekkið þið hann Gutt a

F C7 F C7 C7 C7

það er al-veg rétt. Ó-þekkur er æ-tíð anginn sá, út um bæ-inn stekkur hann og

C7 F F F

hoppar til og frá. Mömmu sinni un-ir aldr-ei hjá eð-a gegn-ir þabb-a sín-um.

F F C7 F C7

Nei, nei, það er frá. All-an dag-inn út um bæ-inn ei-lif heyr-ast köll í þeim:

F C7 F C7 F

"Gutt - i, Gutt - i, Gutt - i, Gutt - i, Gutt - i komd - u heim."

2. Andlitið er á þeim stutta  
oft sem rennblautt moldarflag.  
Mædd er orðin mamma´ hans Gutta  
mælir oft á dag:  
"Hvað varst þú að gera, Gutti minn?  
Geturðu´ aldrei skammast þín  
að koma svona inn?"

"Réttast væri´ að flengja ræfilinn.  
Reifstu svona buxurnar  
og nýja jakkann þinn?  
þú skalt ekki þræta, Gutti,  
það er ekki nokkur vörn.  
Almáttugur, en sú mæða´  
að eiga svona börn."

3. Gutti aldrei gegnir þessu,  
grettir sig og bara hlær,  
orðinn nærri´ að einni klessu  
undir bíl í gær.  
O´n af háum vegg í dag hann datt.  
Drottinn minn. Og stutta nefið  
það varð alveg flatt.

Eins og pönnukaka. Er það satt?  
Ójá, því er verr og miður,  
þetta var svo bratt.  
Nú er Gutta nefið snúið,  
nú má hafa það á tröll.  
Nú er kvæðið næstum búðið,  
nú er sagan öll.